



Fundur í sveitarstjórn

82. fundur, aukafundur, sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, fimmtudaginn 17. maí 2018 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Sóley Indriðadóttir, Heiðrún Óladóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir nýjum lið á dagskrá, *Ályktun vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu.*

Samþykkt samhljóða.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018.
- 2) Ályktun vegna utankjörfundar atkvæðagreiðslu.

Fundargerð

1. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018

Kjörskrá sveitarfélagsins Langanesbyggðar vegna kosninga til sveitarstjórnar sem fram fara 26. maí nk., samin á grundvelli kjörskrárstofns frá Þjóðskrá Íslands sem barst sveitarfélaginu þann 15. maí sl. Kjörskrá sveitarfélagsins liggur frammi almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar á almennum skrifstofutíma.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir framlagða kjörskrá og felur oddvita að undirrita hana skv. 7. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna.

Samþykkt samhljóða.

2. Ályktun vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu

Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu að ályktun vegna framkvæmdar á utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2018:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar mótmælir harðlega þeirri mismunun sem kjósendur dreifðari byggða búa við vegna takmarkaðra möguleika á að greiða atkvæði utan kjörfundar.



Vegna ákvörðunar sýslumanna, sem tekin var í kjölfar tilmæla frá dómsmálaráðuneyti, að bjóða eingöngu upp á utankjörfundar atkvæðagreiðslu á skrifstofum sínum, en ekki t.d. á skrifstofum sveitarfélaganna, eins og gert er fyrir alþingis- og forsetakosningar. Þurfa kjósendur á landsbyggðinni að ferðast um langan veg til að kjósa utan kjörfundar. Bakkfirðingar og aðrir íbúar Langanesbyggðar þurfa t.d. að aka um 300-400 km ef þeir vilja kjósa á skrifstofu sýslumanns á Húsavík eða á Reyðarfirði.

Sveitarstjórn telur að þessi ákvörðun sýslumanna mismuni kjósendum og geri mörgum íbúum stórra svæða á landsbyggðinni í raun ókleift að kjósa utan kjörfundar. Skrifstofur sýslumanna eru eingöngu opnar á vinnutíma almennra starfsmanna og síðan getur tekið 5-6 daga að koma bréfi á áfangastað, úti á landi a.m.k., eins og reynslan sýnir. Það er því ekki raunhæft fyrir kjósendur sem búa í dreifbýli að kjósa utan kjörfundar eins og fyrirkomulaginu er fyrir komið við þessar kosningar.

Einnig telur sveitarstjórn Langanesbyggðar mikla þversögn felast í því að fela sveitarstjórn skipan yfirkjörstjórnar, samningu???? og staðfestingu kjörskrár en treysta svo ekki heimafólki fyrir því að sjá um utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Það er álit sveitarstjórnar að ráðuneyti sem og sýslumenn þurfi að skýra þessa þversögn og af henni leidda mismunun kjósenda.

Sveitarstjórn átelur hið algjöra skilningsleysi stjórnvalda á aðstöðu og rétti kjósenda í dreifðum byggðum landsins og skorar á stjórnvöld að bregðast við hið snarasta.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að koma bókun þessari á framfæri við ráðuneyti, sýslumann, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjölmiðla.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:22.